

Fundargerð aðalfundar Skeljungs hf.

20. mars 2018

Priðjudaginn 20. mars 2018 er aðalfundur Skeljungs hf. haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, í fundarsal D. Fundurinn hófst kl. 16.00.

1. Setning fundar. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Viðar Lúðvíksson hrl. var kjörinn fundarstjóri og Gróa Björg Baldvinsdóttir hdl. var kjörin fundarritari.

Fundarstjóri fór yfir fundarboðun en til fundarins var boðað með auglýsingu sem birtist í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 21. febrúar 2018. Meðfylgjandi fundarboðuninni voru ályktunartillögur til fundarins, skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar og upplýsingar um réttindi hluthafa. Engin breyting var gerð á dagskránni eða tillögunum frá birtingunni. Lýsti fundarstjóri því að til fundarins hefði verið boðað með lögumætum hætti í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir hverjir sætu fundinn. Fundinn sátu þrjú stjórnarmenn, þau Jón Diðrik Jónsson, Birna Ósk Einarsdóttir og Trausti Jónsson, fulltrúar allra undirnefnda stjórnar, allir nefndarmenn tilnefningarnefndar, Hendrik Egholm forstjóri félagsins og Benedikt Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs, auk fleiri starfsmanna félagsins. Einnig sátu fundinn endurskoðendur félagsins, þeir Reynir Stefán Gylfason og Matthías Þór Óskarsson, frá KPMG ehf.

Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins, eins og hún hafði birst í fundarboði, en hún var svohljóðandi:



2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess s.l. starfsár.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðenda, lagður fram til samþykktar.
4. Ákvörðun tekin um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.
5. Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu og skýrsla um framkvæmd fyrri stefnu.
6. Ákvörðun tekin um þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endurskoðanda.
7. Skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar að stjórn.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning tilnefningarnefndar.
10. Kosning endurskoðunarfyrtækis.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstjóri lagði til að atkvæðagreiðsla á fundinum færi fram með handauppréttingu og gerðu fundarmenn engar athugasemdir þar við.

Fundarstjóri greindi frá því að upplýst yrði um fjölda hluthafa á fundinum og hlutfall af heildaratkvæðum eftir kynningu á skýrslu stjórnar sem er annar dagskrárliður fundarins.

Þá greindi fundarstjóri frá því að fundurinn væri pappírslaus en fundargögn hefðu verið aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Fundarstjóri gaf því næst Jóni Diðriki Jónssyni, stjórnarformanni félagsins, orðið til að kynna skýrslu stjórnar félagsins.



1

2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess s.l. starfsár.

Jón Diðrik Jónsson, formaður stjórnar félagsins, kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu atriðin úr rekstri félagsins árið 2017.

Jón Diðrik kvað árið 2017 hafa verið enn eitt umbrotaárið hjá félaginu. Á árinu var lagður grunnur að skipulagi, áherslu og stefnu sem félagið mun byggja á til framtíðar. Grunnrekstur félagsins var betri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir.

Jón Diðrik minntist þess að á aðalfundi síðasta árs hafi hann talað um skipulag og frekara samstarf milli Skeljungs og P/F Magn, færeyska dótturfélags Skeljungs. Á síðasta ári voru gerðar breytingar í samræmi við það á skipulagi samstæðunnar, í dag eru færri framkvæmdastjórar í grunnrekstrinum, einn forstjóri yfir samstæðunni í staðinn fyrir tvo og þar með lægri launakostnaður. Eins liggur fyrir fundinum tillaga um að lækka stjórnarkostnað í samstæðunni.

Jón Diðrik greindi einnig frá því að í fyrra hefði verið rætt um að bæta þjónustuframboðið. Skeljungur mun opna fyrstu vetnisstöðina í sumar en vetni er orkugjafi sem Skeljungur telur mikilvægan og varanlegan part af orkugjöfum framtíðarinnar. Jón Diðrik sagði að stjórnin teldi mikilvægt skref fyrir framtíðina að bjóða upp á fjölorku en ekki einungis einn orkugjafa. Þá sagði Jón Diðrik að félagið hygðist einnig styrkja sig í þjónustu við húshitun í Færeyjum og fjárfesta í auknu vöru- og þjónustuframboði til viðskiptavina félagsins.

Þá hafi félagið endurskoðað stöðu sína á smásölurekstri með tilliti til einföldunar, t.a.m. hætti félagið með vörumerkið Skeljungur og eru nú allar stöðvar félagsins reknar undir vörumerkjunum Orkan og OrkanX. Frekari samvinna og samstarf við Baskó, sem felst m.a. í því að hætta með vörumerkið 10/11 og í staðinn opna þar verslanir undir öðru vörumerki. Þetta eru dæmi um skref sem voru tekin í fyrra en framkvæmdin verður á þessu ári. Jón Diðrik sagði að með kaupum á minnihluta í Heimkaupum væri hugmyndin sú sama, þ.e. að vera með snarpa og skjóta þjónustu.

Jafnframt greindi Jón Diðrik frá því að félagið hygðist leggja aukna áherslu á þjónustu á Norður-Atlantshafi. Í nýja skipulagi Skeljungs sem kynnt var sl. haust var sérstakur framkvæmdastjóri settur yfir þetta svæði en mikil umferð er á þessu svæði sem skiptir máli fyrir rekstur félagsins nú og mun gera í enn ríkari mæli í framtíðinni.

Þá yrðu gæða- og öryggismál áfram mikilvæg í grunnrekstri félagsins. Þar vilji félagið vera í fremstu röð og geti litið til og lært af dótturfélagi sínu, Magn, sem er afar framarlega í þeim málum.

Jón Diðrik sagði að félagið myndi leggja meiri áherslu á þróun, fara frá því að bjóða eingöngu upp á olíu yfir í aðra orkugeira. Félagið stefnir á að bæta sig þannig að verulegur hluti eða að lágmarki 25% af afkomu árið 2025 muni stafa frá öðrum orkugjöfum.

Jón Diðrik sagði að stjórn félagsins teldi framtíð félagsins bjarta. Sá geiri, sem félagið starfaði í, væri að fara í miklar breytingar sem félagið vildi ekki berjast á móti heldur vinna með og líta jákvæðum augum.

Fundarstjóri gaf orðið laust í kjölfar kynningar Jóns Diðriks.

Helgi Ragnar Sverrisson tók til máls en hann var á fundinum í umboði hluthafans Arndísar Þorgeirsdóttur. Helgi kvaðst ekki vera sáttur við ræðu stjórnarformannsins eða stjórn félagsins. Helgi minntist á viðræður félagsins í tengslum við mögulega yfirtöku á Baskó síðasta sumar og kvaðst hafa



2

verið feginn að sú vegferð hefði ekki verið farin. Helgi taldi það jákvætt að ná samningum við Costco en miður þegar félagið missti samninga varðandi flugvélaeldsneyti.

Jón Diðrik tók til máls og svaraði stuttlega athugasemdum Helga Ragnars.

Fundarstjóri spurði hvort aðrir vildu taka til máls undir þessum dagskrárlið. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri fór því næst yfir mætingu á fundinum en til fundarins var mætt fyrir 19 hluthafa í félaginu sem færu með tæplega 52,27% hlutfjár í félaginu og samtals með 1.072.812.735 atkvæði.

3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðenda, lagður fram til samþykktar.

Fundarstjóri gaf Hendrik Egholm, forstjóra félagsins, orðið til að fara yfir ársreikning félagsins 2017. Hendrik Egholm, forstjóri félagsins, tók til máls.

Hendrik kvað árið 2017 hafa verið ár umbreytinga líkt og Jón Diðrik minntist á. Árið 2017 var gott ár hjá Skeljungum og Magn. EBITDA ársins nam 2.618 m.kr. þrátt fyrir 248 m.kr. einskiptiskostnað. Skeljungur fór í ýmsar aðgerðir á árinu til þess að undirbúa félagið fyrir framtíðina. Í ársbyrjun áætlaði félagið að EBITDA ársins yrði á bilinu 2.400 – 2.700 m.kr. en félagið áætlaði nú að EBITDA ársins 2018 verði á bilinu 2.600 – 2.800 m.kr. Ef ekki hefði verið fyrir einskiptiskostnaðinn þá hefði EBITDA ársins verið 2.793 m.kr. Skeljungur tók á sig hins vegar ákveðnar breytingar til þess að vera léttari á fæti og til að undirbúa félagið fyrir þau sóknarfæri sem framundan eru.

Hendrik fór því næst yfir ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2017.

Rekstartekjur samstæðunnar á árinu 2017 voru 55.564 m.kr. samanborið við 45.911 m.kr. árið 2016. Laun og launatengd gjöld námu 2.252 m.kr. samanborið við 2.227 m.kr. árið áður. Hrein fjármagnsgjöld voru 413 m.kr. en 520 m.kr. fyrir árið 2016. Rekstrarhagnaður var 1.143 m.kr. samanborið við 1.262 m.kr. árið áður.

Samkvæmt efnahagsreikningi ársins nema eignir samtals 20.999 m.kr. en var 18.299 m.kr. árið 2016. Eigið fé nam 7.881 m.kr. en var 7.112 m.kr. árið 2016. Samtals námu skuldir ársins 2017 13.118 m.kr. en árið áður námu þær 11.187 m.kr.

Forstjórinn fór yfir sjóðstreymi félagsins og kvað handbært fé frá rekstri fyrir árið 2017 hafa numið 1.104 m.kr. en að það hafi verið 2.052 m.kr. árið áður.

Fundarstjóri gaf því næst orðið laust. Enginn hluthafi tók til máls. Fundarstjóri tiltók að ekki yrði sérstaklega farið yfir móðurfélagsreikninginn nema þess væri óskað en sá reikningur lægi frammi fyrir þá sem óskuðu eftir að kynna sér hann. Fundarstjóri bar því næst fyrirliggjandi ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og ársreikning samstæðunnar undir atkvæði.

Voru ársreikningur og samstæðureikningur samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

4. Ákvörðun tekin um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að greiddur yrði út arður vegna ársins 2017 sem næmi um 0,24 kr. á útstandandi hlut eða 500 milljónum króna, sem er 43,7% af hagnaði ársins 2017. Réttur hluthafa til arðgreiðslu yrði miðaður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 22. mars 2018 (arðsréttindadagur).

 
3

Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2017, yrði 21. mars 2018, næsta viðskiptadag eftir aðalfund. Lagt er til að arður verði greiddur út þann 6. apríl 2018 (útborgunardagur).

Fundarstjóri bauð upp á umræður um tillöguna. Enginn hluthafi tók til máls og bar fundarstjóri tillöguna upp til atkvæða.

Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu og skýrsla um framkvæmd fyrri stefnu.

Fundarstjóri vísaði til skýrslu um framkvæmd gildandi starfskjarastefnu á árinu 2017, sem legið hefði fyrir á heimasíðu félagsins síðastliðnar fjórar vikur. Fundarstjóri kynnti því næst Birna Ósk Einarsdóttur, stjórnarmann og formann starfskjaranefndar, til að kynna skýrslu og störf starfskjaranefndar.

Birna Ósk fór yfir markmið starfskjaranefndar og helstu verkefni ársins 2017. Birna Ósk kvað helstu markmið nefndarinnar vera að auka skilvirkni, koma á skýru ferli og bæta umsýslu vegna starfskjaramála hjá Skeljungu.

Helstu verkefni ársins 2017 hjá nefndinni væru m.a. aflagning fyrri bónuskerfis 2015-2018, nýju bónuskerfi var fylgt úr hlaði, svo sem kynnt var og samþykkt á síðasta aðalfundi félagsins þann 16. mars 2017, samningagerð við forstjóra, yfirferð á starfskjarastefnu og endurskoðun launa fyrir stjórnar- og nefndarstörf.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Tveir fundarmenn óskuðu eftir að taka til máls.

Árni Hrafn Gunnarsson fyrir hönd Gildis-lífeyrissjóðs las upp eftirfarandi, sem hann óskaði eftir að yrði fært til bókar í fundargerð aðalfundar:

1. „Stjórn Skeljungs leggur fyrir aðalfundinn óbreytta starfskjarastefnu og henni fylgir skýrsla um framkvæmd hennar sem gerð hefur verið grein fyrir. Félagið hefur gengið lengra en flest skráð félög í umfjöllun um starfskjarastefnu og gerð skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu og vill Gildi hvetja stjórn félagsins til þess að halda áfram á þeirri vegferð.
2. Í þessu samhengi er rétt að láta þess getið að Gildi telur rétt við ákvörðun launa forstjóra að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á. Í þessu samhengi leggur Gildi áherslu á heildarlaun. Áhersla er að sama skapi í starfskjarastefnu Skeljungs á samkeppnishæfar heildargreiðslur. Ef notast er við árangurstengd launakerfi er rétt að gæta þess að föst laun séu að sama skapi lægri samanborið við félög þar sem slík árangurstengd kerfi eru ekki til staðar.
3. Gildi leggur áherslu á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðji við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum. Gert er ráð fyrir að greint sé frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið þannig að háþörm og takmörk komi fram í stefnunni sjálfri. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnu félagsins til skoðunar með það í huga að lýsa stærð árangurstengds launakerfis og háþörmum og takmörkum á greiðslum til einstakra stjórnenda þannig að slíkt komi fram í starfskjarastefnunni sjálfri.
4. Mikilvægt er að stjórn félags rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þ.m.t. breytilega launaliði ef þeim er fyrir að fara og geri grein fyrir breytingum á milli ára með sundurliðun á

 4 

föstum og breytilegum greiðslum. Af þessum sökum meðal annars er mikilvægt að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu sem félagið hefur gert. Því er beint til stjórnar félagsins að sundurliða framvegis greiðslur til einstakra stjórnenda í fastar og breytilegar greiðslur, ásamt því að upplýsa um frestaðar greiðslur sem koma til greiðslu síðar séu þær til staðar.“

Þá óskaði Loftur Ólafsson f.h. Birtu lífeyrissjóðs, eftir því að svokölluð bónushandbók Skeljungs væri rifuð upp.

Birna Ósk Einarsdóttir, stjórnarmaður og formaður starfskjaranefndar, þakkaði Gildi-lífeyrissjóði fyrir hvatninguna og góðar athugasemdir. Birna Ósk sagði að óskir sjóðsins um að farið væri yfir fastar og breytilegar greiðslur og frestaðar væru eðlilegar, og að tekið yrði tillit til slíkra óska.

Því næst útskýrði Birna Ósk bónushandbók og kaupaukakerfi félagsins. Hún kvað eitt kerfi vera fyrir bæði Skeljung og Magn. Kaupaukakerfi tengdist árlegu EBITDA markmiði sem tæki mið af raunhagnaði. Þriðjungur af reiknuðum árlegum kaupauka væri lagður inn á biðreikning sem væri tengdur ávöxtun hlutabréfa félagsins. Síðan væri þak á árlegum kaupaukagreiðslum. Grunnur nýs kerfis væri svo byggður á frestuðum greiðslur úr fyrra kerfi.

Fundarstjóri gaf orðið laust á ný um starfskjarastefnu félagsins. Enginn tók til máls. Fundarstjóri bar starfskjarastefnuna upp til atkvæða.

Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Ákvörðun tekin um þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar þess efnis að breyta þóknun til stjórnarformanns, varaformanns og meðstjórnenda í stjórn félagsins en þóknun til annarra verði óbreytt, þ.e.:

- a. Stjórnarformaður: 650.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- b. Varaformaður stjórnar: 450.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- c. Meðstjórnendur: 320.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- d. Formaður endurskoðunarnefndar: 100.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- e. Nefndarmaður endurskoðunarnefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- f. Formaður starfskjaranefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- g. Nefndarmaður starfskjaranefndar: 30.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- h. Formaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- i. Utanaðkomandi nefndarmaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- j. Stjórnarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. eingreiðsla
- k. Endurskoðandi: samkvæmt reikningum

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Helgi Ragnar Sverrisson tók til máls f.h. Arndísar Þorgeirsdóttur og gerði athugasemdir við fjárhæð stjórnarlauna hjá félaginu.

Þá las Snædís Flosadóttir fyrir hönd Eftirlaunasjóðs FÍA (EFÍA) eftirfarandi upp sem hún óskaði eftir að yrði bókað í fundargerð aðalfundar:

„Sjóðurinn gerir sér grein fyrir því að tillögur að upphæðum launa stjórnarmanna og stjórnarformanns eru hóflegar í samanburði við skráð félög á markaði. Athugasemd sjóðsins lítur fyrst og fremst að tillögu að hárrí hlutfallslegri hækkun launa stjórnarformanns og stjórnarmanna, eða um 30% og 20% hækkun.

Engin hefur farið varhluta af umræðu um launahækkanir einstaka stjórnenda fyrirtækja og áhrif þeirra á umræður í samfélaginu. Fyrirséð eru harðar kjarasamningaviðræður að ári og nú þegar hafa fulltrúar verkalýðssamtaka látið í það skína að þeim verði mætt af hörku.

Það er sjónarmið EFÍA að umrædd hlutfallsleg hækkun launa sé skörp og geti verið neikvætt innlegg í komandi kjaraviðræður þó launin að henni lokinni séu sannarlega í takt við skráð félög. EFÍA veltir því að lokum upp hvort hækkun í varfærnari skrefum hefði verið æskilegri og hvort þetta sjónarmið hafi fengið umræðu innan stjórnar.“

Birna Ósk, stjórnarmaður og formaður starfskjaranefndar, tók til máls og tók undir að rétt væri að þau stjórnarlaun sem lögð væru til væru hófleg. Samkvæmt skoðun nefndarinnar væru þau undir meðaltali. Birna Ósk tók fram að tillagan endurspegladi breytingar á stjórnnum Magns og Skeljungs, þar sem stærstur hluti verkefna stjórnar Magns flyttist til Skeljungs. Með þessari breytingu yrðu flestir stjórnarmenn fyrir töluverðri launalækkun en lækkun heildarkostnaðar vegna stjórna og nefnda næmi 8,4%.

Enginn annar tók til máls undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin upp til atkvæða.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar að stjórn.

Fundarstjóri gaf því næst Trausta Fannari Valssyni, nefndarmanni tilnefningarnefndar, orðið.

Trausti Fannar Valsson vísað til skýrslu tilnefningarnefndarinnar um starfsemi nefndarinnar síðastliðið ár en hún fylgdi með fundarboði. Í tilnefningarnefnd sátu Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild HÍ og Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður Skeljungs. Katrín var á fyrsta fundi nefndarinnar kjörin formaður nefndarinnar.



Trausti fór yfir hlutverk og markmið með störfum tilnefningarnefndar, sem væri að koma á gegnsæju og skýru fyrirkomulagi tilnefninga stjórnarmanna á aðalfundi, hafa ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum og leggja tillögu þess efnis fyrir aðalfund.

Þá fór Trausti Fannar yfir störf nefndarinnar sl. ár sem fólst m.a. í því að kynna sér starfsemi og skipulag Skeljungs, greina æskilega styrkleika stjórnarmanna í stjórn og útbúa lýsingu á þeim þáttum sem nefndin taldi mikilvæga fyrir stjórn. Nefndin lagði mat á frambjóðendur með hliðsjón af þeim styrkleikum sem nefndin taldi mikilvægt að væru ráðandi í stjórn félagsins. Framkvæmt var mat á óhæði frambjóðenda sem var talið fullnægjandi, auk þess sem framkomin framboð fullnægðu einnig kynjahlutföllum og ákvæðum laga þar um.

Því næst kynnti Trausti Fannar tillögur nefndarinnar að stjórn félagsins.

Fundarstjóri gaf fundargestum því næst laust orðið.

Helgi Ragnar Sverrisson óskaði að taka til máls f.h. Arndísar Þorgeirsdóttur. Hann kvaðst vera ósáttur við stjórnina og kvaðst vilja láta skipta um stjórn í félaginu.



Þá kom fyrirspurn úr sal um hversu margir hefðu tilkynnt um hugsanlegt framboð hjá nefndinni. Trausti Fannar tók til máls og sagði að auglýst hefði verið og óskað eftir framboðum. Nefndinni bárust fjögur framboð en nefndin leitaði einnig eftir frambjóðendum, fór yfir hóp fólks sem hafði áhuga á að sitja í stjórn félagsins eða sem nefndin taldi rétt að skoða með tilliti til þeirra styrkleika sem stjórnin þyrfti á að halda. Nefndin þurfti ekki að leita lengi þegar hún var komin með tvo einstaklinga á vallaða og er annar þeirra fimmti frambjóðandi til stjórnar félagsins.

Stjórnarformaður, Jón Diðrik, tók til máls og sagði að gefist hefði vel að hafa tilnefningarnefnd. Að hans mati væri mikilvægt að hluthafar kæmu að störfum tilnefningarnefndar. Jón Diðrik tók fram að stjórnarmaður kæmi ekki beint að því að velja í stjórn heldur að tiltaka og benda tilnefningarnefnd á hvaða verkefni væru framundan hjá félaginu. Hann hvatti hluthafa til þess að koma að vali og með tillögu að frambjóðendum í stjórn snemma í ferlinu fyrir næsta aðalfund.

Fundarstjóri spurði hvort aðrir vildu taka til máls. Svo var ekki.

Tillögurnar voru allar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning stjórnar félagsins.

Í framboði til stjórnar voru eftirtaldir aðilar:

Birna Ósk Einarsdóttir
Gunn Ellefsen
Jens Meinhard Rasmussen
Jón Diðrik Jónsson
Baldur Már Helgason

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls undir þessum dagskrárlið.

Fundarstjóri kvað stjórnin vera sjálfkjörna. Stjórnin var því boðin velkomin á sama tíma og Trausti Jónsson, sem áður sat í stjórn, var kvaddur og honum þökkuð góð störf með lófataki.

9. Kosning tilnefningarnefndar.

Ein í framboði til tilnefningarnefndar félagsins voru þau Katrín S. Óladóttir og Trausti Fannar Valsson og voru þau því sjálfkjörin.


Fundarstjóri gaf orðið laust.

Helgi Ragnar Sverrisson tók til máls f.h. Arndísar Þorgeirsdóttur. Helgi hvatti þá hluthafa sem færu fyrir almannahagsmuni, þ.e. lífeyrissjóðina, að tala við stjórnendur félagsins tímanlega fyrir næsta hluthafafund félagsins.

Enginn annar óskaði eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Nefndin var því boðin velkomin með lófataki.

10. Kosning endurskoðunarfyirtækis.

Tillaga stjórnar var á þá leið KPMG yrði endurskoðunarfyirtæki félagsins.

 7 

Enginn óskaði eftir að fá að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Önnur mál löglega upp borin.

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum.


Fundarstjóri gaf þá laust orðið.


Guðmundur Helgi Þorsteinsson hluthafi tók til máls og brýndi fyrir stjórn félagsins að vinna að hagsmunum félagsins og lyfta gengi félagsins upp. Kvaðst hann vilja sjá félagið vinna meira að hluthafamenningu og vera með skýrari stefnu. Hann óskaði félaginu annars gæfu og góðs gengis.

Enginn annars óskaði eftir því að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Fundarstjóri bauð hluthöfum því næst að fundargerðin yrði lesin upp og fundarmönnum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana, en enginn fundarmanna óskaði þess. Upplestri var því sleppt.

Fleira var ekki gert og var aðalfundi félagsins slitið kl. 17:12.


Viðar Luðvíksson hvl., fundarstjóri


Gróa Björg Baldvinsdóttir hdl., fundarritari

Meðfylgjandi

- Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn.